



Fréttabréf maí 2006

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri

Skólaslit Heiðarskóla

Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Heiðarskóla er kl. 13:30 föstudaginn 9. júní. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga ánægjulega stund í skólanum þennan síðasta skóladag þeirra í grunnskóla.

Boðið verður upp á kaffi, gos og meðlæti að loknum skólaslitum.

Föstudaginn 9. júní verða skólaslit Heiðarskóla haldin á sal skólans. Foreldrar og forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum. Útskrift 10. bekkinga verður með hefðbundnum hætti kl. 13:30 sama dag.

Nemendur mæti til skólaslita sem hér segir:

Kl. 9:00	7., 8. og 9. bekkur
Kl. 10:00	4., 5. og 6. bekkur
Kl. 11:00	1., 2. og 3. bekkur

Laugar í Sælingsdal

Nemendur í 9. bekk dvöldu í Ungmennabúðum UMFÍ að Laugum í Sælingsdal vikuna 15. - 19. maí ásamt umsjónarkennurum sínum. Viðfangsefni nemendanna eru fjölbreytt á meðan á dvölinni stendur. Nemendur fræðast um fjármál, taka þátt í íþróttamótum, stunda útiveru og fara í heimsóknir á bú og söfn á svæðinu. Þá er unnið með sjálfstraust, samvinnu, sjálfstæð vinnubrögð og tillitsemi. Þetta er gert með því að þjálfa og efla þátttakendur í framkomu, ræðumennsku, félagsstörfum og tjáningu.



1. bekkur skoðar Stekkjarkot og Íslending

Þegar vora tekur nýtum við í Heiðarskóla góða veðrið til að læra og fræðast á annan hátt en inni í skólastofunni. Nemendur fara í styttri ferðir og kynnst áhugaverðum stöðum í bæjarfélaginu. Meðal annars fóru nemendur í 1. bekk með kennurum sínum og skoðuðu Stekkjarkot og Íslending.



2. bekkur heimsækir pósthúsið

Í tengslum við stærðfræðinám nemenda í 2. bekk fóru allir bekkirnir í heimsókn á pósthúsið í Keflavík. Nemendur kynntu sér starfsemina og skoðuðu húsnæðið.

Áður en nemendur kvöddu sendu allir eitt bréf heim til sín en bréfin höfðu krakkarnir skrifað í skólanum. Það voru því margir sem biðu spenntir eftir póstinum daginn eftir.



Þökkum samstarfið á liðnum vetri

Starfsfólk Heiðarskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir samstarfið á skólaárinu sem nú er að ljúka með ósk um að allir hafi það ánægjulegt á komandi sumri. **Skólasetning næsta haust verður þriðjudaginn 22. ágúst** en nánari tímasetning verður auglýst í staðarblöðunum í ágúst. Skóladagatal næsta skólaárs er birt hér í þessu fréttabréfi og gott er að geyma það. Sjáumst glöð og sæl næsta haust.

5. bekkur heimsækir flugskýlið

Sigurjón Hreiðarsson, faðir í 5-JP, bauð bekknum í heimsókn á vinnustað sinn en hann vinnur uppi í Flugskýli. Foreldrar óku börnunum á staðinn en þar sýndi Sigurjón þeim allt svæðið og sagði frá starfseminni sem fer þar fram. Þetta var mjög skemmtileg ferð í alla staði og fannst krökkunum mjög gaman að fá að fara upp í flugvélnar.

Jane Petra, umsjónarkennari 5. JP



Bókaskil

Þegar líður að sumarfrí er mikilvægt fyrir okkur í skólanum að fá inn allar bækur í eigu skólans.

Þetta á við bæði bókasafnsbækur og fjölnota kennslubækur sem nemendur hafa fengið afhentar. Á mörgum heimilum leynast bækur sem nemendur hafa fengið í gegnum árin og við biðjum foreldra og nemendur að fara yfir bækur og annað skóladót og skila því sem tilheyrir skólanum.



Myndir úr skólalífinu



Nemendur í 1. bekk rannsaka fiska.



Nemendur í 10. bekk læra félagsvist í stærðfræði.



Nemendur í 4. SG hreinsa skólalóðina.

Örsögur og prósaljóð

Nemendur í 10. bekk hafa verið að vinna örsögur og prósaljóð í íslensku hjá Steinunni Njálsdóttur og gefa út bók með verkum sínum. Örsaga er minni en þrjár síður, en þar liggja mörkin á milli örsögu og smásögu. Mörkin á milli örsögunnar og prósaljóðsins eru óljós. Ljóð er

óbundnara tíma og atburðarás en örsagan og myndmál er gjarnan snarari þáttur í ljóðum. Örsagan hefur mörg einkenni smásögunnar. Atburðarásin er takmörkuð og hún hneigist til sviðsetningar en takmarkast við fáa atburði, eða jafnvel aðeins einn atburð. Persónur eru fáar og þróaðar

ekki eins og í skáldsögum. Eins og í smásögum er málfarið og stíll meitlað þar sem hvert orð er vegið og metið. Örsagan er upplifun augnabliksins! Fleiri sögur og ljóð má sjá á heimasíðu skólans, www.heidarskoli.is.

Tælensk vinnustofa

Ég gekk í Tælandi
Ég sá tælenka vinnustofu.
Þar var kona að vinna við að hita leir
og búa til kertastjaka.
En hún klemmir sig og
festir höndina.
Höndin bakast, lyktin af brennandi húð
er vond.
Ég sá aðra konu á Tælandi hún var
tælandi
Og við giftumst. Á Íslandi.
Brynjar Leifsson

Hvellur

Ég er í skólatíma.
Kennarinn er að góla í míkrafóninn.
Ég heyri hvell svo heyri ég ekki neitt.
Ég held ég sé orðin heyrnalaus.
Nei ég heyri írskur,
Þetta er ískrið í kríttinni sem strýkst fast
við töfluna.
Ég er ekki heyrnalaus.

Berglind Sigurðardóttir

Togstreita

Næturhiminn.
Guðdómleg þögn.
Hvað hef ég gert?
Hvað get ég gert til að leiðrétta mistök
mín?
Sorg og Gleði.
Tvíburar tilverunnar.

Egill Liljar Egilsson

Yfirlit yfir vorferðir

1. bekkur: Hraðastaðir 29. maí
2. bekkur: Hraðastaðir 29. maí
3. bekkur: Þingvellir 30. maí
4. bekkur: Viðey 2. júní
5. bekkur: Hallgrímskirkja - höfuðborgin 29. maí
6. bekkur: Krýsuvík, Veiðisafnið, Selfoss 1. júní
7. bekkur: Reykjanesið 6. júní
8. bekkur: Borgarfjörður, Glanni og Borgarnes 31. maí
9. bekkur: Laugar í Sælingsdal 15. - 19. maí
10. bekkur: Hof í Örafasveit 30. maí - 2. júní

Skólakynning fyrir foreldra í 1. bekk

Fimmtudaginn 18. maí var foreldrum væntanlegra nemenda í 1. bekk boðið á kynningu í Heiðarskóla. Þar var farið yfir

hvernig það er að byrja í skóla og hlutverk foreldra og skólans á þessum mikilvægu tímaótum. Foreldrar fengu svo kynnisferð um skólann.



Skóladagatal 2006 - 2007

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 S	1 Þ	1 F
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 F	2 M	2 M	2 L
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 L	3 Þ	3 F	3 S
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 S	4 M	4 F	4 M
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 F	5 L	5 Þ
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 Þ	6 F	6 S	6 M
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 F
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 M	9 M	9 L
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 Þ	10 F	10 S
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 M	11 F	11 M
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F	12 L	12 Þ
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 Þ	13 F	13 S	13 M
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 S	15 Þ	15 F
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 F	16 M	16 M	16 L
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 F	17 S
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 S	18 M	18 F	18 M
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 M	19 F	19 L	19 Þ
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S	20 M
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 S	22 Þ	22 F
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F	24 S
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 S	25 M	25 F	25 M
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 F	26 L	26 Þ
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F	27 S	27 M
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M			29 S	29 Þ	29 F
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ			30 M	30 M	30 L
31 F		31 Þ		31 S	31 M			31 L	31 F	

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólustjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.